

# Garðar og hellulagnir

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 10. maí 2022

Kynningar: Garðþjónusta Kópavogs, BM Vallá, NormX



Helgi Bersir Ásgeirsson, lengst til hægri, hér með vöskum starfsmönnum sínum við uppsteypu bílplans við einbýlishús í Mosfellsbæ. Hann segir steyp tölunú í tisku. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Gera garða að sælureit og sumarparadís

Garðþjónusta Kópavogs kann á því lagið að gera garðinn að sönnum sælureit. Fyrirtækið býður heildarlausnir í hvers kyns garðverkum, gefur frí tilboð í verk frá A til Ö og veitir tíu ára ábyrgð á öllum sínum vönduðu verkum. **2**



Hér má sjá dæmi um glæsilegan sólpall, heitan pott, skjólveggi og bekki frá Garðabjónustunni.



Hellulögn í bland við trjábeð og mól er glæsilegt saman.



Garðverkin eru unnin frá A til Ö.



Hér er hitalögn sett undir bílaplan.



Ekkert verk er of flókið fyrir Garðabjónustu Kópavogs.



Hér er skipt um lagdir og dren.



Helgi Bersir ákvað að bjóða öldruðum fría garðumhirðu í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„Ég fór snemma í vor til gamallar konu sem vildi fá mig í vorverkin í garðinum, en fann svo til með henni þegar ég leiddi hana í gegnum garðinn þar sem þurfti að taka duglega til hendinni, að ég hafði það hreinlega ekki í mér að rukka hana fyrir verkið. Þá tók ég ákvörðun um að hafa í sumar tvo menn á mínum snærum til að gera garðana fina hjá fólki sem orðið er áttætt og eldra, því algjörlega að kostnaðarlausu, því aldradir eiga oft erfiðara um vik með garðverkin. Þá er einfaldlega haft samband við mig og mínir menn mæta á svæðið til að hreinsa til í garðinum, klippa runna, slá blettinn, róta í beðum og það sem þarf.“

Þetta segir Helgi Bersir Ásgeirsson, eigandi Garðabjónustu Kópavogs, og bætir við:

„Ég veit enda sem er, að aldradir eru meira heima við en yngra fólkið og hafa yndi af því að horfa á blómlegan garð sinn í sumar-skrúða og geta gengið um hann og notið á hlýjum sumardögum. Þar vil ég leggja mitt af mörkum.“

#### Saknar ilms af nýslegnu grasi

Helgi byrjaði einn síns liðs að reyta arfa í beðum og skottast um með sláttuvél í gördum árið 2013.

„Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og fyrirtækið blómstrað og dafnað. Nú erum við lítið í minni verkum en þeim mun öflugri í stórum verkefnum og alltaf mikið að gera. Stóru verkin

þykja mér skemmtilegri, það er einfaldlega stórkostlega gaman að fá niðurníðan eða ómótadan garð í hendur og gera hann að paradís. Þannig finnst mér gefandi að sjá lóðir og garða taka á sig nýja mynd og leggja þar mína og okkar hendur á plóg,“ segir Helgi.

Hann vinnur mestmegnis á skrifstofunni í dag, í verkstjórn og samskiptum við viðskiptavinum sína, en minna í dæmigerðum garðverkum, eins og áður var.

„En ég sakna þess sannarlega, ekki síst þegar sólin skín í íslenskri sumarblíðu. Það er fátt jafn yndislegt og að dunda sér í garðinum á góðviðrisdögum, svo ég tali nú ekki um að slá gras. Það er uppáhalds iðjan mín í garðinum og mér finnst ekkert jafnast á við ilminn af nýslegnu grasi,“ segir Helgi dreyminn.

#### Fagmennska og öryggi

Hjá Garðabjónustu Kópavogs starfar góður hópur vandvirkra og traustra fagmanna.

„Við erum með tíu smíði, tvo rafvirkja, pípuþingamenn, múrara, garðyrkjumenn og duglega verkamenn á okkar snærum og getum því unnið verkin frá A til Ö án þess að þurfa að kalla til fagfólks annars staðar frá með tilheyrandi biðtíma og aukakostnaði. Því þarf einungis að vera í samskiptum við einn verktaka þegar leitað er til Garðabjónustu Kópavogs og hann gerir allt sem

Það er fátt jafn yndislegt og að dunda sér í garðinum á góðviðrisdögum, svo ég tali nú ekki um að slá gras. Það er uppáhalds iðjan mín í garðinum og ekkert sem jafnast á við ilminn af nýslegnu grasi.

þarf af fagmennsku og öryggi. Það er afskaplega þægilegt fyrir þá sem hyggja á framkvæmdir í garðinum og hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum okkar,“ greinir Helgi frá.

Hann segir hæstmóðins nú að steypa bílaplön í stað þess að helluleggja þau.

„Eftir að við ræðum til okkar múrara varð sprenging í steypum bílastæðum og við finnum mikla aukningu í því trendi á milli ára. Fólki vill í auknum mæli hafa bíla-

planið viðhaldsfrítt í stað þess að sjá fram á mikla vinnu í því að fjarlægja gróður á milli hellna, enda getur það fljótt orðið druslulegt ef því er ekki haldið vel við.“

Garðabjónusta Kópavogs tekur líka að sér alla almenna jarðvinnu í gördum og í kringum hús.

„Það er nýjung, nú þegar við erum komin með pípuþingamenn í okkar lið og góðan tækjakost í gröfum og vinnuvélum. Við tökum að okkur að skipta um dren, vatns- og skólplagnir og gerum í raun allt sem þarf í garðinum ofan jarðar, og ofan í jörðinni,“ segir Helgi.

#### Rétti tíminn til garðverka

Tíu ára ábyrgð er á öllum verkum sem Garðabjónusta Kópavogs innir af hendi. Vinnubrögðin eru vönduð og þau vinna vanar hendur.

„Við gerum frí tilboð í verk og leggjum mikið upp úr vandvirkni, faglegum vinnubrögðum og sanngjörnum verðum. Við sérhæfum okkur í alhliða garðabjónustu og leggjum mikinn metnað í að þjónusta einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög í almennu garðviðhaldi yfir sumarið og höfum um árabíl séð til þess að garðar líti vel út. Sérhæfing okkar er meðal annars hellulögn, palla- og skjólveggjasmíði og við sinnum einnig tyrffingu, trjáfellingu og trjáklippingu á öllu höfuðborgarsvæðinu. Síðast en ekki síst stöndum við við

tímaáætlanir sem við gefum um verkið,“ segir Helgi.

Þá er biðin sjaldnast löng hjá Garðabjónustu Kópavogs þar sem valinn maður er í hverju rúmi og margt í starfsliðinu.

„Nú er einmitt rétti tíminn til að klippa tré og runna, og vinna að vorverkum í garðinum. Þá er gott að byrja sem fyrst ef til stendur að smíða nýjan pall fyrir sumarið eða setja niður heitan pott, til að geta notið þess alls og ljúfa lífsins í sumar,“ segir Helgi, og víst er að garðeigendur eru stórhuga í ár.

„Já, fólk er að umbylta gördum sínum og lóðum í stórum stíl. Margir hafa endurfjármagnað eignir sem hafa tvöfaldast í verði á stuttum tíma og taka í leiðinni allt í gegn. Sem dæmi erum við nú að vinna fallegan garð í Hafnarfirði þar sem við byrjuðum á að rústa öllu út og vinnum eftir stórkostlegum teikningum við að byggja heita potta, sána, útisturtuklefa og palla; sérlega glæsileg hönnun sem við smíðum og sníðum frá A til Ö. Þá tengjum við allt og gerum klárt til notkunar, vatnsrennsli í og úr pottum og sturtum og inn í sánaklefa, sem dæmi. Það er virkilega skemmtileg vinna og við erum snögg að vinna hana hratt og vel.“ ■

Garðabjónusta Kópavogs er með síma 859 7090. Netfang: gtk@gtk.is. Sjá nánar á gtk.is

# BM Vallá skapar draumareit við heimilið

Það er ekki skrítið að Íslendingar leiti til BM Vallár þegar skipuleggja á garðinn eða helluleggja bílaplanið, enda býður fyrirtækið upp á snjallar og fallegar lausnir sem henta íslenskum aðstæðum.

Fyrirtækið hefur verið í hellu-framleiðslu á Íslandi í um 40 ár og býr að mikilli þekkingu á framleiðsluáferðum sem henta héraðsins. „Eftir langan vetur eru margir byrjaðir að átta sig á ástandi garðsins, enda hefur víða lítið sést í hann í dágóðan tíma vegna snjóþunga,“ segir Ásbjörn Ingi Jóhannesson, sölustjóri hellna og garðeininga hjá BM Vallá. „Við finnum nú fyrir verulegum áhuga hjá fólki á að fegra nærumhverfið við heimilin og taka til hendinni í garðinum. Flestir byrja á almennum þrifum, en í kjölfarið kvikna hugmyndir um hvað megi betrum-bæta til að gera góðan garð enn betri. Þá er vinsælt að heimsækja okkur í Breiðhöfðann og kíkja við á sýningarsvæðinu í Fornalundi og fá góð ráð hjá söluráðgjöfum okkar,“ bætir hann við.

## Hellur fyrir alla

BM Vallá er með landsins mesta úrval af hellum, steinum, hleðslum og kantsteinum sem henta útsvæðum af öllum stærðum og gerðum. „Við skiptum oft garðinum upp í bílastæði, og svo verandir og stíga. Við erum með mjög fjölbreytt úrval af ýmsum gerðum og litum í öllum þessum flokkum,“ segir Ásbjörn.

Vinsælustu hellurnar að hans sögn eru Veranda hellurnar. „Þær koma í stærðinni 60x40x7 cm, eru án fösunar og leggjast þétt saman. Vínarsteinn er einnig mjög vinsæll hjá okkur. Hann er dropalaga með stórar fúgur og gefur mjög náttúrulegt útlit. Þriggja steina kerfin, eins og til dæmis Óðalssteinn, í innkeyrslur eru að auki mjög vinsæl. Hann er með sigildu veðruðu útliti sem kemur mjög vel út í ólíku umhverfi. Síðan eru stórar hellur að koma sterkar inn, en við tókum inn stærðina 60x60x8 cm sem hægt er að fá með sléttri áferð eða steinflöguáferð og passa vel í innkeyrslur.“

## Forsteyptar garðeiningar

BM Vallá býður einnig upp á einstaklega hentugar forsteyptar garðeiningar. „Allt frá bekkjum og blómakerjum upp í sorptunnuskýli í öllum stærðum og gerðum. Það hefur verið mikil aukning í sölu á sorptunnuskýlum á Íslandi enda hefur eftirspurn eftir fleiri tunnum aukist eftir að sveitarfélögin settu auknar kröfur um fjölda tunna á lóðum. Við erum því með skýli sem taka mið af þessum þörfum og hægt er að stækka þau eftir hentisemi með því að bæta við einingum.“

Allar vörur okkar eru framleiddar á Íslandi eftir viðurkenndum gæðastöðlum sem henta við íslenskar aðstæður. Þá leggjum við mikla áherslu á umhverfismálin og höfum sett okkur það markmið að vera umhverfsvænasti steypu-framleiðandi landsins,“ segir Ásbjörn.

## Hellurnar henta vel á græn svæði

Sveitarfélögin segir Ásbjörn hafa verið dugleg síðustu ár við að búa til skemmtileg og falleg útivistarsvæði. „Krafan um græn svæði, almenningsgarða og leiksvæði verður sífellt meiri hjá íbúum borga og bæja og eru mörg spennandi verkefni fram undan hjá sveitarfélögunum. Við hjá BM Vallá höfum verið leiðandi í að framleiða vörueiningar fyrir



Ásbjörn Ingi segir marga vera farna að taka til hendinni í garðinum enda farið að grænka víðast hvar og fólk er farið að sjá möguleikana.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
VALLI

Við erum mjög ánægð með samstarf okkar við Lilju Kristínu Ólafsdóttur landslagsarkitekt sem mun veita góð ráð við útfærslu hugmynda fyrir garðinn, planið og lóðina sem byggir á okkar vörulínu.


Ásbjörn Ingi

sveitarfélögin og eigum því frábært vöruúrval til þess að geta sinnt mismunandi verkefnum af öllum stærðargráðum.

Meðal annars höfum við hannað nýja hellugerð í stærðinni 100x50x8 cm, en verkefnið kom til vegna lóðar Íslenskra fræða. Þetta verður skemmtileg viðbót við þær hellur sem við erum með fyrir. Gegndræpar lausnir, svokallaðar ofanvatnslausnir, hafa einnig verið að koma sterkar inn á markaðinn upp á síðkastið. Þar erum við að tala um hellur sem hleypa vatni niður í jarðveginn og viðhalda því náttúrulegri hringrás vatnsins. Við erum með nokkrar slíkar lausnir í boði í vörulínu okkar og hafa þær verið mjög vinsælar hjá hönnuðum.“

## Draumareiturinn hannaður

„Við erum mjög ánægð með samstarf okkar við Lilju Kristínu Ólafsdóttur landslagsarkitekt sem mun veita góð ráð við útfærslu hugmynda fyrir garðinn, planið og lóðina sem byggir á vörulínu okkar. Lilja Kristín veitir viðskiptavinum 45 mínútna landslagsráðgjöf sem fer fram í lystihúsinu við Breiðhöfða. Þar eru hugmyndir að garði eða plani mótaðar í sam- einingu með viðskiptavininum. Fimm til tíu dögum eftir ráðgjöfina kemur svo þrívíð teikning, efnislisti og verðtilboð í efnid. Þetta hefur reynst viðskiptavinum okkar mjög vel og með þessu er hægt að sjá vel fyrir sér hvernig verkið mun líta út í raun og skapa þannig draumareit heimilisins,“ segir Ásbjörn. ■



Vínarsteinninn er afar vinsæll. Hann er dropalaga með stórar fúgur og gefur mjög náttúrulegt útlit.



Óðalssteinninn frá BM Vallá er ein gerð af þriggja steina kerfunum og virkar vel í innkeyrsluna.

Hægt er að skoða vöruúrvalið á [bmvalla.is](http://bmvalla.is) og þar, eða á Noona-appinu, er hægt að panta landslagsráðgjöf sem byggir á vörulínu BM Vallár.



Veranda hellurnar eru sívinsælar enda glæsilegar á hvers kyns garðsvæði og verandir.



Sorptunnuskýlin frá BM Vallá er hægt að stækka eftir þörfum.

MYNDIR/ÁSENDAR

# Skemmtilegt að vinna með mismunandi form



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.is

Hörður Már Lúthersson, verkstjóri hjá Garðapjónustunni, og Björn Jóhannsson landslagsarkitekt hafa unnið saman síðastliðin ár og þekkja vel til þegar kemur að því að velja hellur, skipuleggja hellulögnina og framkvæma verkið.

„Við byrjuðum að vinna saman fyrir um 2-3 árum en mig hefur alltaf dreymt um að geta boðið upp á samfellda hönnunar- og framkvæmdapjónustu. Ég vísa verkefninu á Garðapjónustuna þína og efsamningar nást þá fylgja vikulegar heimsóknir hönnuðar á verkstað,“ segir Björn.

**Þegar kemur að hellulögnum, hvort sem verið er að endurnýja svæði eða teikna upp nýtt, hvað er það helst sem þarf að hafa í huga?**

„Það er náttúrulega ótal margt og miklu meira en hægt er að telja upp í stuttu viðtali,“ segir Hörður en bætir við að með góðu samstarfi við hönnuð og verkataka leysist mörg mál af sjálfu sér. „Ég hef gjarnan bent á bloggin hans Björns, til að mynda „Hvað kostar garður?“, en þá má átta sig á hvað gæti verið innan þolanlegs kostnaðarramma áður en farið er af stað.“

## Form, litir og áferð

Fjöldmörg form, litir og áferð eru í boði þegar kemur að því að velja hellur. „Það er alltaf skemmtilegt að vinna með mismunandi form, liti og áferð. Ef mikið er um að vera annað í garðinum þá er helluvalið gjarnan einfalt, þar sem aðeins er gerður smá greinarmunur á mismunandi svæðum. Í þessum garði hér erum við með flísahellur á dvalarsvæðinu fyrir framan, 30x40 hellur á gönguleiðum og svo stiklur í mól á svæðinu sem grípur kvöldsólina. Lykilatriðið er samt ávallt að fallett samspil sé milli húss, hellulagnar, gróðurs, girðinga og annarra mannvirkja í garðinum,“ segir Björn. Undirlagið skiptir öllu máli. „Að það sé nægi-



Félagarnir Hörður og Björn hafa unnið saman síðastliðin tvö til þrjú ár og sameina krafta sína þegar kemur að hönnun og framkvæmd á görðum og pöllum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGURARI

lega þykkt til þess að ekki verði frostlyfting, að það sé vel þjappað og að sléttunin sé þannig að vatn renni rétt af hellulögninni. Aðrir þættir sem einnig eru mikilvægir eru frágangur á köntum, sögun og söndun í fúgur,“ segir Hörður.

**Lausnir sem gefa frelsi í hönnun Þegar kemur að því að vera með tröppur, eru til margar lausnir í þeim efnum?**

„Í þessum garði erum við með Megastep frá Steypustöðinni sem líkir eftir granitþrepum sem algeng eru í Evrópu. Þessi þrep má útfæra á ýmsan hátt. Mér finnst yfirleitt skemmtilegast að nota lausnir sem gefa mér smá frelsi í hönnun eins og þessi lausn og Tröllakantur. Ef það á að vera hitalögn í þrepum þarf að nota forsteyptar þrepeiningar en í löngum og beinum stigum eru þær mjög snyrtilegar,“ segir Björn.

Margir möguleikar eru líka í boði þegar kemur að því að setja upp kantsteina og beð og hægt er að velja bæði hellur og grjót í slíkar framkvæmdir. „Þetta fer alltaf eftir verkefninu. Það eru til ótal tegundir af hellum og því auðvelt að velja hellur sem hæfa hverju verkefni. Ef við erum að vinna við hlið ósnortinnar náttúru, eins og holtalandslagsins á höfuðborgarsvæðinu, þá geta grjót, mosi og villtur gróður komið sterkt inn með náttúrulega útlitandi hellum.“

**Hellur öruggari þegar nota á eld Þegar kemur að því að gera pall, hver er kosturinn við að vera með hellur umfram timburpall?**

„Það eru kostir og gallar við öll efnin sem við notum, timbur, hellur, flisar og steypu.

Hellur endast gjarnan mjög vel og ef eitthvað kemur upp á eins og ófyrirséð sig eða jarðskjálfti þá er auðvelt að laga þær. Helsta viðhald við hellulögn er að hreinsa og endursanda fúgur en því stærra sem hellurnar eru, því færri lengdarmetrar í fúgum.

Hellur eru einnig öruggara efni þar sem verið er að nota eld, til dæmis í kolagrilli eða eldstæði. En eins og sést svo vel í þessum garði þá vil ég helst nýta kosti hvers efnis á þeim stað þar sem það á við,“ segir Björn.

Hellulögn er ekki tímafrek og það tekur í raun ótrúlega stuttan tíma að helluleggja.

„Hellulögn er ein af fljótlegustu



Hér eru flísahellur á dvalarsvæðinu fyrir framan, 30x40 hellur á gönguleiðum og svo stiklur í mól á svæðinu sem grípur kvöldsólina.



„Lykilatriðið er samt ávallt að fallett samspil sé milli húss, hellulagnar, gróðurs, girðinga og annarra mannvirkja í garðinum,“ segja Björn og Hörður.

**Helsta viðhald við hellulögn er að hreinsa og endursanda fúgur en því stærra sem hellurnar eru, því færri lengdarmetrar í fúgum. Hellur eru einnig öruggara efni þar sem verið er að nota eld, til dæmis í kolagrilli eða eldstæði.**

garðframkvæmdunum og tiltölulega lítið háð veðri. Til dæmis ef allt er klárt fyrir bílaþan má jarðvegsskipta, leggja hitalögn og helluleggja á 1-2 vikum. Hins vegar geta þrep, girðingar og ýmislegt annað sem þarf að vinnast á sama tíma aukid flækjustigið og teygt úr verkefninu,“ segir Hörður.

„Það eru bara alltaf sömu skilaboðin út í kosmóid: Gefa sér góðan tíma í hönnun og að finna verkataka því þessir bestu eru gjarnan vel bókaðir á vorin og sumrin. Því borgar sig að setja sig í samband við hönnuð sem fyrst til að komast í röðina. Svo er hægt að teikna um haust og vetur og fá svo tilboð frá verkataka í beinu framhaldi til að vinna verkið næsta vor og sumar,“ segja félagarnir að lokum brosandí. ■

**ÍSLENSKA**  
**ÁBURÐARFJÖLSKYLDAN**

Frábær alhliða áburður fyrir alla garðyrkju.  
Gerðu vel við garðinn þinn og veldu góðan áburð.

GRÆÐIRG  
BLÁKORN  
TURBO KALK  
KALKKORN  
TRIAKORN  
GRASKORN  
GARÐAPOSFAT  
GRASFRÆ 1KG

**FÆST Í VERSLUNUM UM LAND ALLT!**



Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Í versluninni í Auðbrekku 6 í Kópavogi má skoða alla pottana ásamt úrvali fylgi- og aukahluta fyrir pottinn.

# NormX – íslensk framleiðsla í 40 ár

NormX hefur framleitt heita potta í fjóra áratugi en þeir henta sérstaklega vel við íslenskar aðstæður. Svalaskjólín og garðskálarnir frá NormX stækka heimilið með einföldum hætti.

NormX er rötgróid fyrirtæki sem hefur verið starfandi síðan 1982 og fagnar því 40 ára afmæli á árinu. Fyrirtækið framleiðir gott úrval af heitum pottum ásamt einni gerð af köldum pottum en framleiðsla fyrirtækisins fer fram í verksmiðju þess í Vogum á Vatnsleysuströnd og verslun og sýningarsalur er í Auðbrekku 6 í Kópavogi. „Fyrirtækið hefur ávallt lagt sig fram um að veita góða og persónulega þjónustu, sem skilar sér í því að sama fólk kemur aftur og aftur ef það er að skipta um húsnæði því það veit að hverju það gengur hjá okkur,“ segir Orri Stefánsson, sölu- og verslunarstjóri NormX.

Eins og fyrr segir framleiðir NormX bæði heita og kalda potta en vinsældir kalda pottsins hafa verið stöðugt vaxandi frá því að hann kom fyrst á markað fyrir tveimur árum, segir Orri. „Enda er talið að köld böð geri líkamanum gott, geti minnkað bólgur og flýtt fyrir endurheimt eftir erfiðar æfingar.“

## Þola vel íslenska veðráttu

Orri segir pottana frá NormX vera mjög góðan kost þegar kemur að því að velja pott. „Þeir eru einstaklega sterkir og þola vel fjölbreytileika íslenskrar veðráttu. Pottarnir eru mjög auðveldir í þrífum, framleiðir úr gegnheilum Polyethylene-plasti með UV-vörn sem varnar því að sólin hafi áhrif á lit þeirra. Þá teljum við að verðin á pottunum hjá okkur séu mjög sanngjörn en þeir kosta frá 135.000 krónum. Grettislaug, sem er 1.400 lítrar og mest seldi potturinn hjá okkur, kostar til dæmis 259.000 krónur sem er sennilega besta verðið á markaðnum fyrir pott af þeirri stærð.“

## Gott úrval aukahluta

Ásamt því að bjóða upp á gott úrval af pottum býður NormX einnig upp á allt sem þarf til að koma sér upp potti á pallinum, til dæmis hitastýringar, tengibúnað og burðargrindur undir pottana. „Einnig er

hægt að fá nudd í alla okkar potta. Burðargrindurnar eru mjög vinsælar og einfalda málið mikið þegar kemur að því að ganga frá pottinum á pallinn. Þær er hægt að fá í nokkrum útfærslum og til dæmis bæði grind sem fer ofan á pall/stétt eða gengur að hluta til ofan í pall/stétt. Einnig er hægt að fá þær með lengingu á einni hlið sem er fint ef fólk vill hafa pláss til að leggja lokið upp að vegg. Þá er hægt að taka eitt eða fleiri horn af grindunum, allt eftir því hvernig fólk vill útfæra uppsetninguna. Grindurnar koma óklæddar, þannig að fólk getur klætt þær með því efni sem það vill.“

Úrval aukahluta er alltaf að aukast hjá NormX sem býður upp á úrval af hitamælum, háfa í laufveidarnar, bursta í þriffin, vatnsheld spil, klór og hreinsiefni. „Svo má ekki gleyma fljótandi „hengirúmunum“ en þau slógu svo sannarlega í gegn á síðasta ári og njóta stöðugra vinsælda enda er frábær slökun að fljóta og njóta í þeim. Um að gera að kíkja á úrvalið á heimasíðu okkar, normx.is.“

## Einfalt að stækka heimilið

Nýlega tók NormX yfir sölu á vörum finnska framleiðandans Cover en fyrirtækið hefur verið leiðandi í framleiðslu svalaskjóla, garðskála og handriða í 37 ár, að sögn Orra. „Það er frábært að stækka stofuna með garðskála eða byggja yfir svalirnar og njóta þeirra allt árið um kring. Cover-kerfið hefur verið í boði á Íslandi í fjölda-mörg ár og reynst einstaklega vel. Hægt er að koma í verslun okkar og sjá sýnishorn af vörum Cover.“

Orri segir að Íslendingar hafi alltaf verið hrifnir af heitum pottum og böðum í gegnum tíðina og njóti þess að slaka á í pottinum, hvort sem það er heima við eða í bústaðnum. „Við erum stolt af því að geta boðið vandaða potta sem endast vel og henta einstaklega vel í íslenskum aðstæðum. Það eru margir pottar frá okkur sem eru komnir vel á fertugsaldurinn enn í fullri notkun sem segir töluvert um gæði þeirra. Pottarnir okkar eru framleiddir úr endurvinnanlegu plasti svo hægt er að endurvinnna þá að fullu sem er mikill kostur.“ ■

Nánar á normx.is.



Með svalaskjóli frá Cover er hægt að auka notagildi svala mikið og njóta þeirra árið um kring.



Hægt er að fá margar útfærslur af sólskálum og svalaskjólum.



Heitur og kaldur pottur er frábær tvenna. Það er alltaf að aukast að fólk taki kalda pottinn með þeim heita.

# Ýmis ráð gegn óværu í gördum



Oddur Freyr Þorsteinsson  
oddurfreyr  
@frettabladid.is

Garðyrkjufraeðingurinn Hafsteinn Hafliðason er margreyndur í faginu og lumar á ýmsum góðum ráðum sem geta gagnast þeim sem glíma við óboðna gesti eins og mosa, sveppi, myglu og meindýr í garðinum.

Nú er sumarið að fara í gang og garðarnir að vakna með öllum þeim gjöfum sem því fylgir. En því miður geta ýmis vandamál líka fylgt því þegar lífríkið tekur við sér. Mosi á grasflötum, mygla, sveppir og meindýr geta skemmt fyrir útliti garðsins og ýmiss konar ræktun, en garðyrkjufraeðingurinn Hafsteinn Hafliðason er með ýmis ráð við þessu.

Hafsteinn er margverðlaunaður fyrir ævistarf sitt sem garðyrkja- maður, en hann hefur fengist við óteljandi pistlaskrif, unnið að dag-skrárgerð um garðyrkju og heldur úti Facebook-hópnum „Stofublóm inniblóm pottablóm“.

## Enginn mosi á vel nýttir flöt

Mörg láta mosa í grasflötum angra sig, en Hafsteinn segir að hann geti ekki ógnað gróðri og sé eðlilegur þáttur lífríkisins.

„Það er hægt að vinna bug á honum með mosatætingu, en umfram allt þarf bara að hirta flötina vel. Það er gott að gefa áburð núna í kringum byrjun vaxtartímans. Það er passlegt að nota 3,5 kíló og svo um miðjan júní er gott að setja önnur 3,5 kíló og svo 2,5 kíló um miðjan júlí,“ segir hann. „Þá er ég að tala um Bláakorn. Það er engin ástæða til að setja túnáburð á grasbletti því fólk er ekki að hugsa um að fá eins mikið gras og hægt er, heldur bara að grasflötin sé þétt og græn.“

Besta ráðið til að koma í veg fyrir mosa í grasflötinni er að hugsa vel um flötina, passa að hún sé vel framræst og að nota hana. Ef fólk notar hana kemur ekki mosi en fólk sem notar hana ekki verður oft að sitja uppi með hann. En það er svo sem ekki alvarlegt vandamál,



Hafsteinn Hafliðason býr yfir gríðarlegri þekkingu þegar kemur að garðyrkju og sést hér með nýútgefna bók sína. Hún heitir Allt í blóma og er biblíu áhuga-fólks um potta-plöntur.

MYND/  
ARNI TORFASON

Því mosinn er bara fallegur þegar hann er skoðaður nánar,“ segir Hafsteinn.

## Sveppir almennt lítill ógn

Hafsteinn segir að sveppagróður geti ekki ógnað gróðri þegar þeir eru í moldinni en að það séu til sveppategundir sem geta farið illa með tré.

„Það er eðli sveppa að leggjast á rotandi og dauðan jurtavef, en myglusveppir geta líka stundum lagst á rósir eða kartöflur. Reyniáta en dæmi um svepp sem getur farið illa með reynivið,“ segir hann. „Svartrótarsveppir sem eru í moldaryfirborði leggjast líka á ungar plöntur sem er verið að sá, yfirleitt vegna ljósleysis og mikils ógn af sveppum í gördum.“

Besta ráðið til að koma í veg fyrir mosa í grasflötinni er að hugsa vel um flötina, passa að hún sé vel framræst og að nota hana.

Hafsteinn Hafliðason

Sveppirnir sem eru mest áberandi um þessar mundir eru ryðsveppir sem sækja á birki, víði og alaskaösp, en þeir eru svo sérhæfðir að þeir leggjast bara á eina tegund og jafnvel bara einn einstakan klón og fara ekkert á annað,“ segir Hafsteinn. „Þeir þurfa oft millihýsil, svo þegar blöðin falla til jarðar á haustin, fara sveppagróin í vetrardvala og vakna svo að vori og þurfa að verða kynþroska á millihýsli áður en þeir fara á viðkomandi tegundir.“

Asparryð var áberandi fyrir nokkrum árum en er að mestu horfið og þar var millihýsillinn lerkí, þannig að það kom bara upp ef lerkí var líka til staðar. Hreggstaðaviðir, sem var mjög vinsæl limgerðisplanta, hefur líka orðið fyrir barðinu á ryðsvepp sem virðist ekki hafa neinn millihýsil, svo sveppurinn kemur upp hvað sem er gert, þannig að það er eiginlega búið að taka hann úr ræktun,“ segir Hafsteinn. „Gljávíðir lenti líka í slæmri sýkingu fyrir nokkrum árum, en það er næstum alveg hætt núna.“

Mygla og sveppir eru eiginlega sami hluturinn en mygla veldur yfirleitt ekki miklum skemmdum ef það er loftað vel um og ekki mjög mikil bleyta. Kartöflumygla og annað slíkt kemur upp ef það er kalt og blautt sumar en yfirleitt er það ekki vandamál,“ segir Hafsteinn. „En það eru engar forvarnir til nema hreinlæti og góð loftun.“

## Meindýr geta skapað vandræði

„Það eru nokkuð mörg meindýr sem geta ógnað gróðri í gördum. Á næstu vikum, þegar tré eru að laufgasta, verða það helst lifur haustfetans. Hann verpir á haustin og fer út á nývöxt á flestum trjátegundum. Kvendýrin eru vængjlaus en karlarnir fljúga og það eru þessi gráu fíðrildi sem við sjáum

í október og nóvember,“ útskýrir Hafsteinn. „Kvendýrin skríða upp eftir trjábolum og fara yfirleitt út í endann á nývextinum og verpa þar við ystu brumin, þar klekjast þessar lifur svo út þegar trjágróðurinn laufgast, en það er ekki mikið hægt að gera við þeim.“

Yfirleitt er þetta nú ekki stórkostlegt vandamál en ef það er eitt og eitt tré sýkt má úða það með mildu sápuvatni, það er oft nægilegt,“ segir Hafsteinn. „Það má líka setja cayenne-pipar út í vatnið og það er líka hægt að úða honum á trjágróður á haustin svo kerlingar verpi ekki á greinarnar. Þá verða þær ráðvilltar, því þær þola ekki lyktina og bragðið af piparnum.“

Svo er asparglyttan orðin landlæg. Hún fer fyrst og fremst á ösp en getur líka farið á víðju og fleiri víðitegundir. Hún gerir engan stórkostlegan skaða, en trén líta svolítið illa út eftir hana. Það sama gildir um birkitrén á haustin, Hún kemur á birkitrén í byrjun júní og staldrar við í nokkrar vikur. Þá verða trén brún. Birkipéla kemur svo á haustin og gerir svipaða hluti,“ segir Hafsteinn. „En þetta aftrar trjámum ekki að neinu leyti nema kannski í gróðrarstöðvum, þar sem örsmáar plöntur í uppeldi geta lent í þessu.“

Svo geta kanínur og sauðfé auðvitað líka valdið miklum skaða, þannig að ef fólk er á svæði þar sem þessi dýr ganga laus þarf að girða með víðeigandi girðingum,“ segir Hafsteinn.

## Biblíu um pottaplöntur komin út

„Mér finnst mikilvægt að lifa í garðinum sínum eins og hann leggur sig upp með. Svo er hægt að hjálpa honum eins og maður vill. En það er eitt að vera með þrifalega afgirta lóð með plöntum og annað að vera með þaulræktadan garð,“ segir Hafsteinn. „Garður kostar miklu meiri vinnu en að halda hreinu í kringum húsið sitt.“

Þeir sem vilja græða meira á þekkingu og hálfra aldar reynslu Hafsteins geta nú gert það með því að kaupa nýútgefna bók hans, sem heitir Allt í blóma – stofublómarrækt við íslenskar aðstæður. Bókin er heilar 500 blaðsíður að lengd og sannkölluð biblíu áhuga-fólks um pottaplöntur, en hún geymir allt sem blómarræktendur þurfa að vita. Bókin fæst í öllum helstu bókaverslunum og hana er einnig hægt að kaupa í vefverslun Sögur útgáfu. ■

## Gerðu planið glæsilegt! Superseal steypugljáinn sem endist.



NÚ EINNIG  
FÁANLEGUR  
MATTUR



Creative Super Seal 5 lítrar

**12.995**

25 lítrar **29.995**

**MÚRBÚÐIN**  
Gott verð fyrir alla í **20 ár**  
2002 - 2022

# LED húsnúmer

Sérsmíðum á öll hús, fjölbýli og fyrirtæki  
Falleg húsnúmer í miklu úrvali



- Endingargóð LED lýsing
- Minni rafmagnsnotkun
- Fæst í lituðu áli

Hægt er að skoða og versla  
á sýningarbás okkar hjá  
Skómeistararnum í Smáralind

Hafðu samband á Facebook, í síma 775 6080  
eða á [ledhusnumer@ledhusnumer.is](mailto:ledhusnumer@ledhusnumer.is) og pantaðu þitt ljós!


**LED**  
Húsnúmer



Nú er rétti tíminn  
til að leita tilboða

## Eru hellurnar óhrein gróðrarstía?

Við hreinsum, söndum, húðum  
svo þær verða eins og nýjar



Geymdu auglýsinguna

**HELLUHREINSUN.IS - S: 7756080**



Það er ótrúlega skemmtilegt að taka upp nýtt grænmeti í lok sumarsins.  
MYNDIR/ADSENDAR

Það er hægt að rækta alls kyns grænmeti í pottum.

## Aldrei verið mikilvægara að rækta eigið grænmeti

Jóhanna B. Magnúsdóttir, garðyrkjufraeðingur og eigandi Ræktunar- og fræðsluseturs að Dalsá í Mosfellsdal, hefur haldið ýmiss konar námskeið um ræktun í heimilisgörðum auk þess að reka gróðrarstöð með lífrænni grænmetisframleiðslu.

elin@frettabladid.is

Jóhanna segir að áhugi á matjurtarækt sé alltaf til staðar þótt ekki sé hann eins mikill og varð eftir hrúnið. Þeir sem hófu ræktun þá hafa samt mjög margir haldið þeim áhuga. „Að mínu mati hefur það aldrei verið jafnmikilvægt og nú að rækta eigið grænmeti eins og kostur er,“ segir hún og bætir við að garðurinn þurfi ekki að vera stór.

„Sólrikar svalir geta gagnast til ræktunar á salati, kryddjurtum og meira að segja kartöflum í stórum pokum svo eitthvað sé nefnt. Basil og fleiri krydd þrífast ágætlega í gluggum innanhúss en betra er að hafa það ekki í suðurglugga. Einnig hefur fólk fengið uppskeru af tómátplöntum innanhúss,“ segir hún.

Jóhanna segist ekki viss hvort eitthvað sé vinsælla en annað enda aðstæður til ræktunar misjafnar. „Síðan kuldabólnar tómátaplöntur komu á markaðinn eru mörg okkar áhugasöm um að rækta þær á svölum og pöllum, kartöflur eru enn vinsælar, svo má nefna salat og kryddjurtir. Það er vel mögulegt að rækta í pottum en mikilvægt að muna að vökva reglulega með áburði. Ég get nefnt nokkur dæmi um matjurtir sem hægt er að rækta í pottum og kerjum, til dæmis grænkál, salat, spínat, steinselju, radísur, kartöflur, gulrætur, gulrófur, hnúðkál, jarðarber, hindber, lauk, rabarbara, kúrbít, tómata og sólhnyði. Síðan eru það krydd eins og salvia, rósmarín, óreganó, timían, mynta og margt fleira,“ segir Jóhanna.

**Þarf matjurtagarður mikla umhirdu yfir sumartímann?**

„Eftir að útplöntun er lokið í byrjun sumars eru verkefni aðallega fólgin í því að fylgjast með og gripa inn í ef illgresið gerir vart við

” Sólrikar svalir geta gagnast til ræktunar á salati, kryddjurtum og meira að segja kartöflum í stórum pokum svo eitthvað sé nefnt.

sig og hvort þurfi að vökva. Ég held að það sé óhætt að segja að verkefni séu hreint ekki yfirþyrmandi heldur er gefandi að fylgjast með þroska og þróun plantnanna.“

**Er betra að rækta í sérstökum kassabeðum fremur en beint í jörðinni?**

„Mér finnst best að rækta „beint í jörðinni“ en kassabeð/reitir eru líka mjög góðir, sérstaklega fyrir viðkvæmar tegundir,“ segir Jóhanna og þegar hún er spurð hver sé besta moldin til matjurtaræktunar, svarar hún:

„Ef við erum að tala um beðin úti í garði er mómmold með svolitlum vikri eða sandi það besta. Í pottum finnst mér best að kaupa mómmold án viðbættis áburðar, og bæta í hana gömlum búfjáraburði og vikri. Svo er einnig hægt að kaupa góða ræktunarmold með viðbættum áburði. Ef nauðsynlegt er að bæta við áburði er gott að blanda Maxi crop áburði í vökvunarvatnið einu sinni í viku. Gott er að hafa í huga að matjurtir eru þurftarfrekari á áburð heldur en blómplöntur.“

**Hvenær er rétti tíminn til að setja niður?**

„Mér finnst best að biða með útplöntun fram í endaðan maí því að þá hafa líkurnar á kuldakasti minnkað. Kartöflurnar fara reyndar út fyrr og gott er að sá gulrótunum fyrri part maímánaðar og hafa þá tiltækar yfirbreiðslur ef skyldi kólna. Ég hef það að markmiði að vera búin að planta og sá í garðinn fyrir 10. júní.“

Mikil aðsókn hefur verið hjá Jóhönnu á námskeiðin hennar í gegnum árin en hún var ekki með námskeið á þessu ári. ■

## FALLEGAR HURÐIR SEM ÞÚ GETUR TREYST

Traustar bílskúrs- og iðnaðarhurðir frá Lindab og Krispol

limtrevirnet.is

- Áratugareyðsla við íslenskar aðstæður
- Uppsetning í boði á hurðum og viðbótarbúnaði
- Stuttur afgreiðslutími og fjölbreytt úrval
- Margir litir og fylgihlutir í boði

skoðaðu úrvalið [limtrevirnet.is](https://limtrevirnet.is)

 **Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350 | Netfang: [sala@limtrevirnet.is](mailto:sala@limtrevirnet.is)  
Söluskrifstofur: Lynghási 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnes